**Ed.** **694. Frumvarp til laga** [11. mál]

um skipun prestakalla og prófastsdæma og kristnisjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 430 með þessari breytingu:

1. gr. XI.—XIV. hljóðar svo:

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

64. Árnes: Árnesssókn.
    Prestssetur: Árnes.
65. Hólmavík: Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.
    Prestssetur: Hólmavík.
66. Prestsbakki í Hrútafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
    Prestssetur: Prestsbakki.
67. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efranúpssóknir.
    Prestssetur: Melstaður.

68. Beiðabólsstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólsstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður í Vesturhópi.
69. Þingeyrarklaustur: Þingeyrar-, Undirfells- og Bönduóssóknir.
Prestssetur: Blönduós.
70. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir.
Prestssetur: Bólstaður.
71. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagaf jarðarprófastsdæmi:*
72. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Sauðárkrókur.
73. Glaumbær: Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reynistaðarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
74. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
75. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofstaðasóknir.
Prestssetur: Miklibær.
76. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.
Prestssetur: Hólar.
77. Hofsós: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Hofsós.

XIII. *Eyjaf jarðarprófastsdæmi:*
78. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.
Prestssetur: Siglufjörður.
79. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur: Ólafsfjörður.
80. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Dalvík.
81. Hrísey: Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur: Hrísey.
82. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
83.—84. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.
85. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarpófastsdæmi:*
86. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
87. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
88. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóroddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Staðarfell.
89. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.

90. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
91. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.
Prestssetur: Húsavík.
92. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
93. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.
Prestssetur: Raufarhöfn.
94. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

2. gr. hljóðar svo:

Í Reykjavíkurprófastsdæmi skal vera safnaðarráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Skylt skal að kalla safnaðarráð saman til fundar, þegar fullur þriðjungur safnaðarráðsmanna óskar þess. Verkefni ráðsins eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður eiga sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

8. gr. hljóðar svo:

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsa- og fangahúsaþjónustu. Biskup setur þeim erindisbréf.